

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS · AKUREYRI
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)
P.O. BOX 180 · IS-602 AKUREYRI · ICELAND

**VEGAGERÐ UM FLJÓTSHEIÐI - JARÐFRÆÐI OG AÐRAR UPPLÝSINGAR
VARÐANDI UMHVERFISMAT**

GREINARGERÐ TIL VEGAGERÐARINNAR, AKUREYRI

Halldór G. Pétursson
jarðfræðingur

Akureyri, september 1995

Fljótsheiði er gerð úr 1-2 milljón ára berglögum og skiftast þar á hraunlög frá hlýskeyðum og setlög, sem einkum eru jökulbergslög frá jökulskeyðum (Lúðvík S. Georgsson o.fl. 1977). Á vegleiðinni sést lítið sem ekkert í berggrunninn því hann er hulinn þykkum lausum jarðlögum frá síðasta jökulskeyði. Það er einungis í gili Seljadalsár að góð opna er í berggrunninn, en vegurinn mun koma til með að liggja á gilbarminum.

Lausu jarðlögin, sem eru nær eingöngu jökulruðningur eru hulin þykkum jarðvegi. Annars vegar móajarðvegi en hins vegar mýrarjarðvegi, sem eflaust er víða mjög þykkur. Á loftmyndum kemur fram að jökulruðningurinn myndar ása (mynd 1), en þeir eru lagaðir í skriðstefnu ísaldarjökulsins, sem hér var til norðurs. Fyrirhugað námusvæði fylliefnis á heiðinni er í suðurenda eins þessara ása.

Jökulruðningsásarnir á Fljótsheiði eru hluti af mun stærra ásakerfi sem finnst á svæðinu milli Bárðardals og Mývatns. eru ásarnir á Fljótsheiði ógreinilegir og illa þroskaðir miðað við ása sem finnast annarstaðar á svæðinu.


Á loftmyndum af Fljótsheiði má auk þess greina þurrar vatnsrásir (mynd 1), sem mynduðust þegar jökull bráðnaði síðast af heiðinni. eru þessar vatnsrásir ógreinilegar og óverulegar, en þær segja þó þá sögu að jökull lá síðast á heiðinni í Seljadal (og Reykjadal).

Mýrarflóarnir á heiðinni eru sennilega merkilegasta jarðmyndunin á svæðinu. Veglínan liggur rétt norðan við mýrar-
nar, sem eru nyrsti hluti víðlends votlendiskerfis sem rekja má a.m.k. suður undir Lundarbrekku í Bárðardal.



Að lokum er rétt að geta þess að vegagerð um Fljótsheiði mun ekki raska eða spilla neinum jarðlögum sem verndargildi hafa.

HEIMILDIR

Lúðvík S. Georgsson, Haukur Jóhannesson, Gestur Gíslason
1977: Jarðhitakönnun í Aðaldælahreppi. Orkustofnun, OSJHD
7717



Mynd 1 Riss af greinilegustu dráttunum í yfirborðsjarðfræði Fljótsheiðar. Núverandi og fyrirhuguð veglína, auk blautustu mýrarflóa, er merkt inn.

-  jökulruðningsás
-  námusvæði
-  þurr vatnsrás